



Brosið



Fréttablað Hraunvallaskóla

Desember 2024 1. tbl. 15 árg




Heilsueflandi
grunnskóli

Skrifstofa
Hraunvalla-
skóla er opin
mánudaga til
fimmtudaga
frá 7:45 til
16:00 og á
föstudögum
frá 7:45 til
15:00

Sími skólans
er: **590-2800**

Síminn í
Hraunseli er:
590-2810



Gleðileg jól

Heimsókn forseta Íslands í
Hraunvallaskóla þann
3. desember var einstaklega
skemmtileg. Nemendur tóku vel

á móti forsetanum, spariklædd og með bros á vör.





Leikskólafréttir

Jólaball

Í leikskólanum var haldið skemmtilegt jólaball í matsal skólans. Börnin sungu jóla-lög og dönsuðu í kringum jólatréð. Allir mættu þrúðbúnir og þau fengu góða gesti í heimsókn.



Elstu börnin í leikskólanum heimsóttu líka 1.bekk í Hraunvallaskóla og föndruðu með þeim jólamyndir, flotta snjókarla.



Myndmennt

Í 8. bekk læra nemendur í myndmennt um listastefnuna popplíst og skoða verk nokkurra popplístamanna með tilliti til þess sem einkennir verk þeirra. Svo velja þau sér þekkt verk úr listasögunni og breyta því í popplíst.

Það eru litríkar og skemmtilegar myndir sem koma út úr þessari vinnu nemenda, eins og sjá má hér.



Hjartakrans

Nemendur í 2.bekk gerðu gjöf handa forseta Íslands vegna heimsóknar hennar í Hraunvallaskóla í byrjun desember. Gjöfin var fallegur krans búin til úr hjörtum. með fallegum orðum um vináttuna. Verkefnið var einmitt unnið í vinavíkunni sem er haldin ár hvert í skólanum..

Á myndinni hér fyrir neðan má sjá nemendur með forseta Íslands, Höllu Tómasdóttur.





Myndmennt

Nemendur í 5.bekk í myndmennt læra um uppstillingu. Þau læra um áhrif ljóss og skugga og skyggja myndirnar sínar, bæði með þurrpastel og kolum.



Leirflísar

Í 3.bekk í myndmennt gera nemendur leirflísar með dýramyndum.



Hurðaskreytingarkeppni

Úrslitin í keppninni í ár voru eftirfarandi:

1. sæti: FJÖLGREINADEILDIN

2.. sæti; NÁMSVERIÐ OG 10. SÓJ

3. sæti; 8. HMJ

Frumlegasta hurðin: 9. JTS



2.bekkur textíll

Í textíl er 2.bekkur með eitt verkefni tengt endurnýtingu. Kennarinn segir krökkunum frá því hvernig má nota föt aftur á nýjan hátt. Ekki þarf alltaf að henda textíl eða gefa heldur má endurnýta. Þau fá síðan að klippa niður sokka og puttaprjóna úr þeim. Mjög skemmtilegt og vinsælt verkefni.



Hraunsel




1.bekkur

Nemendur í 1.bekk máluðu piparkökur í desember, unnu verkefni í skemmtilegu jólahefti og nutu aðventunnar.





Líf og fjör





Hraunsel


Síðustu vikurnar hafa verið mjög viðburðaríkar í Hraunseli. Við höfum ráðið nýjan aðstoðardeildarstjóra í Hraunsel sem heitir Pétur Kári Olsen en hann hefur mikla reynslu af tómstundastarfi. Við erum búin að vera með skemmtilegt klúbbastarf þar sem klúbbarnir okkar hafa verið mjög jólalegir og skemmtilegir. Krakkarnir eru búnir að vera að föndra jólahurð og gera Hraunsel þvílíkt flott. Krakkarnir eru komnir í mikið jólastuð og eru allir orðnir mjög spenntir fyrir jólafríinu. Núna þegar það er kominn jólasnjór er búið að vera sérstaklega gaman að leika úti í fallega veðrinu.






Bíósýning

Á bókasafninu var boðið upp á bíósýningar í desember og fengu nemendur að upplifa að horfa á skemmtilegar gamlar teiknimyndir eins og Rúdolf með rauða nefið og Tomma og Jenna. Þetta er orðin hefð á aðventunni í skólanum.



Gaman saman






Bókasafnið

Það hefur verið líf og fjör á bókasafninu í Hraunvallaskóla undanfarnar vikur. Bókasafnið er komið í jólabúning og er fallega skreytt. Það hafa verið skemmtilegar jólabókakynningar fyrir nemendur þar sem lesið er upp úr nýjum bókum sem koma út fyrir jólin. Nemendur hafa hlustað spenntir á og hlakka til að geta fengið bækurnar lánaðar á bókasafninu.



Klukkustund kóðunar

Á hverju ári taka nemendur í Hraunvallaskóla þátt í Klukkustund kóðunar (Hour of Code) . Þar vinna eldri og yngri nemendur saman að skemmtilegum verkefnum og læra forritun.



Líf og fjör í Hraunvallaskóla á aðventunni





Samfélagsverkefni

Nemendur í 4.bekk ákváðu að vinna umferðarverkefni og minntu á notagildi endurskinsmerkja. Nemendur teiknuðu umferðarmyndir og skrifuðu kveðjur á: "Sjáumst í umferðinni. Kveðja, 4. bekkur í Hraunvallaskóla".

Þau fóru svo í göngutúr og gáfu 150 heimilum endurskinsmerki í bréfalúguna þeirra.

Þetta málefni stendur þeim nærri og vildu þau í minningu elsku Ibrahims þeirra gefa sem flestum endurskinsmerki til að koma í veg fyrir fleiri slys í umferðinni.




4.bekkur





Jólahurðir



Hér má sjá glæsilega skreyttar hurðir í yngri- og miðdeild Hraunvallaskóla. Það eru nemendur í 1.—7.bekk sem sáu um að skreyta í samvinnu við kennarana sína. Skólinn er svo sannarlega fallega skreyttur og litríkur þessi jólin.



Brosið

Fréttablað Hraunvallaskóla

Drekavöllum 9

221 Hafnarfjörður

Ritstjóri: Hjördís Jónsdóttir

Ábyrgðarmenn: Guðbjörg Norðfjörð og Guðbjörg Hjaltadóttir

www.hraunvallaskoli.is

www.leikskolinn.is/hraunvallaskoli

www.mosinn.is